

8. Fundur

Þriðjudaginn 11. september 2007 kom hafnarnefnd Langanesbyggðar saman til fundar kl 18:00 í fundarstofu Langanesbyggðar að Fjarðarvegi 3 á Þórshöfn.

Mættir: Jónas Jóhannsson, formaður, Marinó Jónsson og Jóhann Ægir Halldórsson.
Einnig sátu fundinn Björn Ingimarsson, sveitarstjóri, og Steinn Karlsson, hafnarvörður.

Dagskrá

1. Staða framkvæmda.
Sveitarstjóri og hafnarvörður gerðu grein fyrir stöðu mála og verkfundi sem haldinn var með fulltrúum verktaka og Siglingastofnunar fyrr um daginn. Fram kom að vinna við Norðurgarð er á áætlun en samkvæmt framlagðri verkáætlun eru verklok áætluð 1. nóv í ár. Ekki liggur enn fyrir hvenær verktaki kemst í framkvæmd við upptökubraut á Bakkafirði.
2. Endurbygging hafskipabryggju á Þórshöfn.
Lagðar fram tvær tillögur frá Siglingastofnun að endurbyggingu hafskipabryggju. Samþykkt að mæla með tillögu 2 með þeirri breytingu að stálþil verði lengt úr 70 í 100 metra með vísan til lengd olíu- og lýsisskipa (allt að 140 m).
Að höfðu samráði við starfsmenn Siglingastofnunar er hugmynd að neðansjávarskoðunarrými hafnað.
3. Tillaga að deiliskipulagi hafnar- og miðsvæðis á Þórshöfn.
Eftir nokkrar umræður var samþykkt að mæla með tillögu B sem gerir ráð fyrir því m.a. að s.k. salthús verði rífið. Mælt með því að samið verði við verktaka um jarðvinnu í tengslum við uppfyllingu og þvottaplan fyrir flutningabíla.
4. Hafnafundur á Ísafirði 14. september nk.
Samþykkt að sveitastjóri og hafnarvörður á Þórshöfn sækja fundinn fyrir hönd Langaneshafna.
5. Önnur mál.

- Staða mála vegna byggðakvóta rædd og ákveðið að beina því til hreppsnefndar að þrýst verði á um að úrskurðað verði í ágreiningsmálum fyrir lok september. Einnig vakin athygli á því að hugsanlega verður ekki hægt að nýta verulegan hluta byggðakvóta til svæðisins vegna ákvæða um vinnslu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 19:30.

Björn Ingimarsson, ritari.